

MONITOR



FRÍTT
EINTAK

TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍPRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNÆÐ



Saman látum við hjólin snúast

PÚ


HÁSKÓLANÁM

GRUNNNÁM VIÐ HÁSKÓLANN Í REYKJAVÍK

- BA í lögfræði
- BSc í byggingafræði
- BSc í íþróttfræði
- BSc í sálfræði
- BSc í tæknifræði
- BSc í tölvunarfræði
- BSc í verkfræði
- BSc í viðskiptafræði
- Diplómanám í iðnfræði
- Diplómanám í kerfisfræði

Háskólanám er góð fjárfesting. Í Háskólanum í Reykjavík leggjum við áherslu á að skapa og miðla þekkingu í greinum þar sem stærstu tækifæri framtíðarinnar liggja; í viðskiptum, tækni og lögum.

**UMSÓKNARFRESTUR
ER TIL 5. JÚNÍ**



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
SAMAN LÁTUM VIÐ HJÓLIN SNÚAST

www.hr.is

Þetta er ekki **Sigrún Eva Ármannsdóttir** sem keppti í Eurovision fyrir Íslands hönd árið 1994 með lagið *Nei eða já*.

Fljúgandi fegurðardrottning

Skagadrottningin **Sigrún Eva Ármannsdóttir** kom, sá og sigraði í Ungfrú Ísland síðastliðið laugardagskvöld.

„Þetta er einhverj veginn svo óraunverulegt, maður er svona bara ennþá að átta sig á þessu,“ segir Sigrún Eva Ármannsdóttir sem var krýnd Ungfrú Ísland síðastliðið laugardagskvöld. „Um tíma var ég miklu feimnari og lokaðri heldur en ég er núna og langaði bara fyrst ekkert að taka þátt í þessum keppnum. Svo voru vinkonur mínar að fara í þetta og frænka mín sem tekur þátt í að halda Ungfrú Vesturland hvatti mig til að taka þátt. Síðan hefur þetta bara gert mér gott. Ég er komin með miklu meira sjálfstraust og miklu opnari svo ég er mjög glöð með að hafa tekið þátt.“

„Það fylgir þessu náttúrulega frekar mikil athygli – en er það ekki bara gaman? Þetta er góð athygli, ekkert eitthvað svona slæmt allavega,“ segir hún og bætir við að vissulega fylgi sigrinum aukid álag á Facebook. Sigrún er 18 ára, nemandi á náttúrufræðibraut FVA og býr á Akranesi. „Það er bara mjög fínt í FVA en ég hef eiginlega ekkert planað framtíðina eftir hann,“ segir hún þótt sumarið og haustið sé að taka á sig mynd. „Ég er að fara að vinna hjá Orkuveitunni, svo býst ég við einhverjum æfingum fyrir Ungfrú heim sem fer fram í London í nóvember. Ég get sennilega ekki farið í skólann í haust út af Ungfrú heimi en ég ætla samt að reyna að taka einhverja áfanga. Það er náttúrulega ótrúlega gaman að taka þátt í keppninni og því en auðvitað verður leiðinlegt að dragast aftur úr,“ og bætti við að fjölskyldan styddi þó við bakið á henni alla leið. Þá er bara að bíða og sjá hvort Sigrún fari ekki bara alla leið í nóvember á þessu ári í keppninni um fegurstu konu heims.



SIGRÚN EVA FÍLAR
EKKI KÁNTRÍ

SIGRÚN EVA

Fæðingardagur: 10. maí 1993.
Upphaldsfatabúð: Topshop og H&M.
Upphaldsstaður í heiminum: Orlando, Flórída.
Upphaldsmatur: Allt sem mamma mín gerir.
Upphaldsbiómynd: Avatar, enn sem komið er.
Upphaldsfótboltamaður: Fernando Torres.
Upphaldstónlistarmaður/hljómsveit: Ég fíla flest fyrir utan kántrí-tónlist.
Ef ég fengi eina ósk: Myndi ég örugglega vilja að ég gæti flogið.

Monitor mælir með

Í EYRUN

Eftir að tilkynnt var að dúndur-sveitin Quarashi ætlaði sér að eiga „kombakk“ inn í íslensku tónlistarsenuna í sumar fór spennuskjálfti um alla landsmenn. Því er tilvalið að rífa upp gömul kynni við hljómsveitina og skella þeim á fóninn.



Í MUNNINN

Súkkulaðið Þristur er lúmskasta súkkulaðið á markaðnum. Ekki nóg með að það sé sígilt sem sætindi á öllum heimilum landsins þá virðist það alltaf eiga við, hvort sem það er með eftir-miðdegiskaffibollanum í vinnunni, beint í bragðarefinn úti í ísbúð eða á kósíkvöldi fjölskyldunnar.



Í KVÖLDBÆN

Nú er mikilvægt að landsmenn taki höndum saman og ákalli veðurguði og önnur máttarvöld náttúrunnar í von um að þessu eldgosi linni strax í gær og sumarið hefjist af alvöru. Snjóskafur á Akureyri og Egilsstöðum í lok maí – hvað er það eiginlega?



Vikan á...

facebook

Halldór Eldjárn
Ætli þetta öskufall sé diffranlegt?
22. maí kl. 16:29

Arnar Grant
Eina leiðin til að koma sér í gott form án þess að æfa er að hafa samband við blikksmið og láta hann smíða risavaxið kökuform. Þegar fólk á svo leið framhá þá er bara stökkva um borð og hrópa: Já, maður er bara í fínu formi!
18. maí kl. 21:53

Kristmundur Axel er með missed call frá Völu Grand.
23. maí kl. 11:57

Elin Hirst
New volcanic eruption in Iceland, only a year after Eyjafjallajökull
21. maí kl. 20:19

Atli Bollason
Samt í alvörunni, af hverju heitir eggjarauða þessu nafni? Hún er sko gul.
19. maí kl. 16:45

Feitast í blaðinu

Davíð Berndsen flytur til Portúgal í haust og stefnir á að keppa í Eurovision. >>>4

Alma Geirdal gefur út ljósmyndabók sem segir frá baráttu hennar við búlimið. >>>5

Stíllinn kíkir í fataskápinn hjá nýbökkuðu útvarpsþíunni Margréti Björnsdóttur. >>>7

Edda Björg Eyjólfsdóttir í viðtali. Hún er næstum því rammgöldrött. >>>8

Ásgeir Orri Ásgeirsson í Lokaprófinu. Hann fór síðast að gráta um síðustu helgi. >>>14

Efst í huga Monitor

Öskudagur alla daga


Eldegosið í Grímsvötnum er ekki vel séð. Askan sem flæðir yfir allt á Suðurlandi er enn verr séð. Hugur Monitor er að sjálfsgöðu hjá fólkinu sem býr á svæðinu og þarf að glíma við þessar ömurlegu aðstæður.

Aska er bannorð næstu vikur. Monitor ætlar ekki að koma nálægt neinu sem tengist ösku.

Monitor ætlar ekki að halda öskudag hátíðlegan á næsta ári.

Norður-íraska hljómsveitin Ash er komin í straff. Engin lög með henni verða spiluð á næstunni.

Ef Ash Ketchum úr Pokemon lætur sjá sig verður hann laminn.



Þótt David Bowie og Faith No More eigi frábær lög sem bera titilinn Ashes to Ashes verða þau ekki spiluð að minnsta kosti út þetta ár.

Allar myndir sem Ashton Kutcher og Ashley Judd hafa leikið í verða sniðgengnar. Verk Ashley Olsen verða sömuleiðis áfram í frystinum, þar sem þau hafa reyndar verið mest-alla tíð.

Í Englandi eru 10 bæir sem heita Ash. Þeir geta étið ösku.



Stefnir á Eurovision 2012 fyrir hönd Portúgal

Berndsen horfir fram á bjarta tíma. Hann flytur til Portúgal og stefnir á þátttöku í Eurovision 2012.

Nú er tónlistin þín í anda 80's tónlistar. Hvaðan er áhugi þinn á slíkri tónlist upprunalega kominn? „Hann er eiginlega bara kenndur við þessa af því að hann hlustaði svo mikið á þetta í gamla daga. Þegar ég byrjaði að gera músík fannst mér síðan ekkert hljóma rétt nema þannig tónar.“

Sækirðu áhrif í gömul Gameboy- og Nintendolög? „Það er aðallega Sveinbjörn Hermigervill, sem á nú helminginn í plötunni minni, sem er að þæla í svoleiðis. Annars ólst maður nú upp við þá tónlist, svo hún er örugglega einhver staðar þarna.“

Nú skartarðu gjarnan flottum átfittum þegar þú kemur fram. Leggurðu mikið upp úr því að klæðnaðurinn sé í einhverjum sérstökum stíl og hvaðan koma gallarnir? „Þeir koma út um allt, oftast úr fataskápum hjá einhverjum mömmum. Ég komst í fataskáp hjá mömmu Magga félaga míns um daginn og hún lánaði mér fullt af einhverjum gömlum jökkum. Svo bara ef ég finn eitthvað í geymslu hjá ömmu. Ég fann einhvern gamlan jakka þar um daginn sem ég er alltaf í núna. Þetta er allt eitthvað gamalt og endurnýtt.“

Hvaða járn er Berndsen með í eldinum núna? „Það er plata með Þórunni Antoníu sem ég er bara að pródúsera. Svo er maður að plana smá Evrópumál – við erum að fara að spila úti í Þýskalandi í haust. Síðan er ég að vinna í svakalegu sumarlagi sem kemur út í næsta mánuði. Það verður á íslensku og það verður örugglega þjóðþekktur Íslendingur í því en það er reyndar smá leyndarmál.“

Nú fréttist utan úr bæ að þú værir á leið til Portúgal. „Þetta eru staðfestar fréttir, maður ætlar bara að reyna að meika það þar. Ég er með plön um að reyna að taka þátt í Eurovision 2012 fyrir Portúgal. Ég held að ég yrði samt bara svona á hljómborðinu en reyni svo að finna einhverja sæta stelpu og gera eitthvað lag með henni fyrir keppnina. Þetta er svona á grunnstigi, ég hef náttúrlega svolitinn tíma í þetta.“

Hvað dregur þig þangað annað en Eurovision-draumurinn?

„Kærastan mín er reyndar að fara að læra þarna svo ég ætla með henni. Annars er bara gott að vera á meginlandinu upp á að spila úti, ódýrara að fljúga og svona.“

Ertu með einhver langtímamarkmið í bransanum? „Góð spurning, ég veit það ekki maður. Jújú, við erum að vinna aðra plötu og halda áfram að vinna í þessu. Ætli þetta endi svo ekki á því að maður taki upp kassagítarinn og spili þessi lög í þannig útgáfu? Svo fer maður í djassinn og svona. Þetta á örugglega eitthvað eftir að breytast en maður er ekkert að fara að hætta þessu.“



BERNDSSEN KEMUR FRAM Á SVÍNARÍ Á FAKTORÝ ÞANN 3. JÚNÍ

Mynd/Emir

MC Vespa

Komdu í klúbbinn sem lætur ekki bjóða sér hvað sem er

Viltu komast í útvalinn hóp fólks sem velur ekta hönnun og varast eftirlíkingar? Þá er ekta Vespa frá Piaggio eitthvað fyrir þig. Komdu og skoðuðu glæsilegt úrval í sýningarsal Heklu eða á vespur.is og vertu með í MC Vespa hópnum á Facebook.

Verð frá 489.000 kr.



Vespa®

Reynslan er góð!



ALMA GEIRDAL AFHJÚPAR SJÚKDÓM SINN Í GEGNUM LISTINA



Varpar ljósi á búlimíu

Arna Geirdal tekur búlimíu sem hún sjálf glímir við fyrir með ljósmyndun að vopni í nýrri ljósmyndabók.

„Þetta er gömul hugmynd hjá mér að setja sjúkdóminn í listrænt form,“ segir Alma Geirdal, ljósmyndari, sem gefur senn út sína fyrstu ljósmyndabók. Bókin heitir 24 tímar í búlimíu og í henni eru að finna ljósmyndir af Ölmú sem sjálf hefur barist við lotugræðgi og lystarstól í 9 ár.

„Ég er nemi í ljósmyndaskólanum og skilaði verkinu sem verkefni þar. Þetta vakti þá mikla athygli og það voru margir sammála um að það þyrfti að sýna þetta. Þá einhvern veginn fór ég í gang með þetta og lét ekkert stoppa mig og hingað er ég komin.“

Alma stóð áður fyrir samtökunum Forma sem unnu að því að opna umræðuna í þjóðfélaginu um málefni þeirra sem glíma við átröskun. „Ég hef lengi barist fyrir málefnum átröskunarsjúkdóma. Ég var með samtök á sínum tíma og mér finnst alltaf þörf á þessari baráttu á Íslandi. Það var þælingin, svona fyrst og fremst. Að leyfa fólki að skyggast inn í þennan heim í gegnum listina. Mér finnst það góð leið, það er gott að blanda þessu saman,“ segir Alma og bætir við að útgáfa bókarinnar sé langþráður draumur að verða að veruleika. Hér má sjá myndir úr bókinni sem kemur út sunnudaginn næstkomandi 29. maí.

Í BÓKINI ER LJÓSI VARPAÐ Á ÁTRÖSKUNAR-SJÚKDÓMA MEÐ ÁHRIFAMIKLUM MYNDUM

FLOTTIR ÍTALSKIR DÖMUSKÓR, TÖSKUR, JAKKAR - MARGIR LITIR - MIKIÐ ÚRVAL

 11.790,-	 15.390,-		
 11.990,-	 7.990,-	 11.790,-	
 15.990,-	 11.790,-	 12.990,-	
		 11.990,-	

NY SENDING MARGAR TEGUNDIR AF SKÓSKRAUTI

MESTA ÚRVAL LANDSINS AF ÍTÖLSKUM SPORTSKÓM - MIKIÐ ÚRVAL AF SANDÖLUM

 10.990,-	 12.990,-	 12.990,-	 11.490,-
--------------	--------------	--------------	--------------

Bata

Skóverslun Smáralind
fyrstu hæð

Sími 511 2020

Erum á **facebook**

Naomi brúð-armær Kate Moss?

Ofurfyrirsæturnar Kate Moss og Naomi Campbell hafa verið góðar vinkonur síðan þær sigruðu heiminn á tíunda áratugnum. Í nýjasta tölublaði Vogue talar Campbell um brúðkaup Moss sem fer fram þann 2. júlí en hún vildi ekki gefa upp hvort hún yrði brúðarmey í brúðkaupinu.



„Þá væri ég að kjafta frá,“ sagði Campbell sem er mjög ánægð með að vinkonan Moss sé á leiðinni upp að altarinu. „Ég er svo stolt af Kate,“ sagði Campbell og lofaði einnig tilvonandi eiginnmann hennar. „Ég elska Jamie, hann er sá eini rétti fyrir hana. Þetta verður yndislegur dagur og við erum alltaf að tala saman í símann um brúðkaupið,“ sagði Campbell spennt fyrir brúðkaupsdegningum. Hin fertuga Campbell óttast ekki að missa djammfélaga sinn til margra ára þó Moss sé að fara að gifta sig. „Við munum halda áfram að fara út á lífið saman, hjónaband mun ekki breyta Kate.“

Forsetafrú verklar óléttuföt í H&M

Carla Bruni á von á sínu fyrsta barni með Frakklandsforsetanum Nicolas Sarkozy og sást versla óléttuföt í H&M í París um helgina. Samkvæmt franska tímaritinu Voici eyddi Bruni 300 evrum í búðinni sem jafngilda um 50 þúsund íslenskum krónum.



Talsmenn H&M vildu ekki tjá sig um hvort Bruni verslaði oft í búðinni en franska H&M tísti engu að síður um heimsókn forsetafrúarinnar rétt eftir heimsókn hennar. Mikil óvissa hefur ríkt um hvort Bruni sé með barni eða ekki en fjölmiðla fór að gruna ýmislegt er hún byrjaði að klæðast víðum fötum í aprílmánuði. Tengdafaðir hennar staðfesti fréttirnar nýlega í þýsku dagblaði og ríkir mikil spennu fyrir litla krílinu. Bruni á einn tíu ára son úr fyrra hjónabandi og Sarkozy á tvo uppkomna syni úr fyrsta hjónabandi sínu og einn 14 ára gamlan son úr öðru hjónabandi sínu. Bruni og Sarkozy giftu sig árið 2008, þremur mánuðum eftir að þau kynntust.



Notalegt og heimilislegt andrúmsloft

Textíl- og fatahönnuðurinn **Edda Ýr Aspelund** opnaði vintage-fataverslunina **Lólu** á Laugavegi fyrir viku síðan. **Stíllinn** kíkta í heimsókn og fékk að vita hvað verður á boðstólnum í **Lólu**.

„Mig er búið að langa til að gera þetta lengi en hef ekki þorað að kýla á þetta fyrr en núna,“ segir Edda Ýr Aspelund sem opnaði fataverslunina Lólu á Laugavegi 55 í síðustu viku ásamt kærastanum Haraldí Levi Gunnarssyni. „Ég hef mikinn áhuga á fötum og tísku svo það er langþráður draumur að fá að vinna í kringum slíkt,“ segir Edda sem er menntaður textíl- og fatahönnuður.

Persónuleg þjónusta

„Fötin eru í alls konar stílum frá mismunandi áratugum svo það er úr nógu að velja,“ segir Edda og bætir við að Lóla reyni að bjóða upp á hagstæð verð. „Það vantar alltaf vintage-búðir í miðbæinn og við munum reyna að hafa úrvalið sem best þó búðin sé lítil,“ segir hún

og bendir á að Lóla sé notaleg búð sem bjóði upp á persónulega þjónustu. „Búðin er minni í sniðum en margar og ég verð ein að vinna svo það verður heimilislegt andrúmsloft í Lólu.“

Eitthvað fyrir alla

Á boðstólnum eru flíkur bæði fyrir herra og dömur og segir Edda úrvalið svipað fyrir bæði kynin. „Strákarnir ættu að fagna því við erum með mikið af vörum fyrir þá,“ segir Edda og bætir við að allir aldursþópar geti komið og verslað í Lólu. „Í gær kom eldri kona og keypti sér blússu svo það er allur aldur að versla hjá okkur,“ segir Edda ánægð við góðar viðtökur í fyrstu vikunni. „Fólk er mikið búið að ramba héra inn og viðtökurnar hafa verið alveg frábærar,“ segir Edda spennt fyrir framhaldinu.



Stjörnustríð

Julianne Hough flaggaði föngulegum línunum í þessum litla svarta kjól frá Camilla and Marc en það gerði **Fergie** einnig skömmu áður. Fergie klúðrar kjólnum með því að reyna að sýna eins mikið af brjóstunum og mögulegt er og aftursleikt hárið gerir ekki mikið fyrir hana. Hough er hins vegar smekklegr með skvísulegt slegið hár og hefur því vinninginn.

Kardashian-systur keppast í einu og öllu og í þetta skiptið ákváðu þær **Kim** og **Khloe** að klæðast sama kjólnum með stuttu millibili. Kjöllinn fer hinna lögulegu Kim mun betur og liturinn sem hún valdi gerir meira fyrir dökkhærða. Kim skellti sér einnig í smart hlébarðaskó við en Khloe fór öruggu leiðina með svörtum einföldum hælum.

Leikkonan **Evan Rachel Wood** klæddist sama kjól og söngkonan **Shakira** í vetur og tókst Wood mun betur upp. Reyndar hefði hún mátt sleppa svörtu beltinu í mittið en Shakira tapar augljóslega vegna hvítu sokkabuxnanna og svörtu stígvélanna sem passa alls ekki við kjöllinn. Reyndar lítur úr eins og Wood sé líka í hvítum sokkabuxum en ekki láta blekkjast.

Skvísurnar **Eva Mendes** og **Jenny McCarthy** klæddust báðar þessum ósmarta kjól frá Stelli McCartney á rauða dreglinum nýlega. McCarthy ákvað að taka hárið upp og klæddist svörtum einföldum hælum við en Mendes tók gullgelluna á þetta og hafði hárið slegið við gyllta skó og gyllt veski. Stíllinn dæmir jafntefli í þessari erfiðu viðureign.

Heit fyrir flottum magabolum



Stíllinn heldur áfram að njósna í fataskápum íslenskra stúlkna og þessa vikuna varð útvarpskonan **Margrét Björnsdóttir** fyrir valinu.

Margrét Björnsdóttir er 19 ára útvarpskona, afgreiðsludama og þjónustustúlka sem var að útskrifast úr Verzló í síðustu viku. Þá byrjaði hún einnig með útvarpsþáttinn 4-Sex með Brynjari Má á FM957 og segist almennt vera mikið í að tjilla og njóta lífsins. Stíllinn fékk að forvitnast aðeins um fatastíl Margrétar og hvaða flíkur eru ómissandi fyrir sumarið að hennar mati.

Hvernig myndir þú lýsa stílnum þínum í fimm orðum? Sjálfstæður, öðruvísi, kúl, fjölbreytilegur og skemmtilegur.

Hver er uppáhaldshönnuðurinn þinn? Ég hef miklar mætur á íslenski hönnun en ég myndi segja að Jeffrey Campbell væri í uppáhaldi hjá mér núna. Annars fíla ég Vivienne Westwood mjög vel svo ég tali nú ekki um Alexander McQueen.

fataskápurinn

Hversu mörg skópör átt þú? Ætli ég slefi ekki í svona tuttu og fimm, jafnvel fleiri. Málið er nefnilega að maður á aldrei of mörg skópör. Aldrei.

Ef þú yrðir að fá þér tattú, hvað myndir þú fá þér og hvar? Ég myndi fá mér hevi gott tribal tattú á mjóbakið sem myndi svo tengjast í stóran dreka sem kæmi yfir bakið á mér og svo myndi það enda á bringunni minni þar sem stæði einhver geðveik lína eins og til dæmis „I live for fun“ eða eitthvað geðbilað.

Hvaða flík er ómissandi að þínu mati fyrir sumarið? Ég myndi segja að það væru einhverjar kúl stuttbuxur. Það er frekar mikið „must-have“ að eiga kúl gallastuttbuxur. Svo er ég líka mjög heit fyrir flottum magabolum. Ég segi því háar gallastuttbuxur og magabolur, þá ertu rock solid.



SKRÍTNASTA

Skyrta úr Spútnik með indíánafjæðramunstri og í allavega litum. Hún er samt meira bara fyndin. Þetta er svona flík sem er það hallærisleg að hún er kúl. Ég keppti einmitt í þessari skyrtu í uppistandskeppninni í Verzló svo hún er eiginlega líka lukkuskyrta.



BESTA

Bláu leðurstuttbuxurnar mínar eru helvíti góðar. Þær virka alveg í „casual outfit“ en svo er hægt að dressa þær upp með kúl bol eða skyrtu. Ég keypti þær í Spútnik fyrr á árinu. Ég elska þær eiginlega geðveikt mikið.



NÝJASTA

Hvítur gólfisður kjóll úr Rokk&Rósum. Hann er rugl fallegur og ég hlakka geðveikt til að nota hann í sumar. (Ég var líka að kaupa mér mjög töff Cheap Monday gallabuxur í KronKron. Ég hugsa að ég eigi eftir að nota þessar flíkur mjög mikið.)



FLOTTASTA

Þessa stundina elska ég einn kjól sem ég keypti um daginn. Hann er úr Rokk&Rósum og er svartur kokteilkjóll, opinn í bakið með semí slaufu framan á, samt ekki alveg slaufu.



ÞÆGILEGASTA

Gallaskyrtan mín fær þennan heiður. Hún er alveg sjúklega góð og að sjálfsgöðu fékk ég hana í Rokk&Rósum. Hún er svo tjilluð og næs en virkar líka vel við flotta sokkabuxur og hæla.

ELSTA

Blettatígrapels sem ég fékk þegar ég var 6 ára. Ég nota hann enn í dag. Núna er hann bara með stuttum ermum en hann virkar samt alveg. Ég held að vinkona mömmu hafi keypt hann í útlöndum í kringum árið 1997.



Flott fyrir útskriftina
25%
afsláttur af
jakkafötum

Gildir til sunnudags

DEBENHAMS

HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

Núna ætla ég að eithvað ódauð

„Ég les svolítið í tarotspil en er ekki farin að taka fólk heim ennþá,“ segir **Edda Björg**, leikkona, um dulræna hæfileika sína. Hún er samt ekki skygg.

Texti: Sigyn Jónsdóttir
Myndir: Sigurgeir Sigurðsson

sigyn@monitor.is
sigurgeir@mbl.is

Edda Björg Eyjólfsdóttir er þekkt grínleikkona sem á að baki ótalmörg leikrit, nokkrar kvikmyndir og eftirminnilega sketsa í grínþáttum á borð við Svínasúpuna og Stelpurnar. Í vetur skipti hún um gír yfir í dramatískt hlutverk er hún setti á fót sýninguna Fjalla-Eyvindur ásamt Mörtu Nordal og hefur sýningin fengið frábæra dóma og mikið lof gagnrýnenda. „Leikhús hefur ekki snert mig svona í langan tíma, ég hélt það væri dautt,“ sagði einn áhorfandinn við Eddu sem er virkilega ánægð með viðtökurnar. „Ég hef aldrei lent í öðru eins,“ segir hin brosmilda Edda sem virðist alltaf vera jákvæð og við það að springa af útgeislun.

Ferð þú aldrei í fýlu? Jú, oft. Ég er meira að segja í fýlu núna. (Hlær) Ég er samt ekki mjög langrækin en þegar ég fer í fýlu er ég bara fúl.

Á lífsgleðin einhvern þátt í unglugu útliti þínu? Ætli það ekki bara. Ég veit það ekki. Nei, ég held það séu genin. Ég er búin að vera að segja í mörg ár að þetta myndi borga sig einn daginn. Í öll skiptin sem ég var beðin um skilríki af dyravörðum landsins og bannað að fara inn á skemmtistaðina hugsaði ég að þetta myndi borga sig einn daginn. Núna er það einmitt að gerast og ég yrði mjög ánægð að vera beðin um skilríki í dag.

Lumar þú á einhverjum góðum fegurðarleynd-armálum? Bara að finna hinn dásamlega gullna meðalveg. Reyna að fara ekki að sofa alltof seint, borða hollan mat, borða líka óhollt og vera ánægð með sig. Ég held að það sé aðalatriðið að hætta að vera alltaf að horfa á einhvern maga eða rass. Það er betra að reyna bara að horfa á sig í heild, hugsa: „Ég er æðisleg“ og meina það. Mér finnst það nú ekki alltaf auðvelt en þetta er allt í hausnum á manni.

Hvað gerir þú til að halda þér í formi? Ég reyni að hreyfa mig reglulega, lágmark tvisvar í viku, og svo reyni ég að skamma mig ekki of mikið ef það gengur ekki eftir. Ég er einmitt alltaf á leiðinni að byrja í jóga því mér finnst það frábært og ég fer stundum í Laugar og tek æfingar þar. Svo á ég rosalega góðan hring niður við sjó sem ég hleyp oft. Það er algjör snilld og hreinsar hugann vel. Um daginn var ég til dæmis á leið norður og allt í óreiðu í hausnum á mér svo ég fór bara út að hlaupa og þá raðaðist allt upp.

Þú ert sögð hafa mikinn áhuga á fallegum hlutum og þá sérstaklega fallegum fótum. Ert þú ein af þeim sem á allt of mikið af fótum? Alltof mikið. Ég veit ekki hvar þetta endar. Mér finnst þetta bara svo skemmtilegt og það er ekkert dásamlegra en falleg fót, fallegir hlutir, fallegur húsbúnaður, falleg hönnun og falleg myndlist.

Hvað finnst þér skemmtilegast að kaupa? Kjóla og skó. Reyndar er smekkurinn að breytast aðeins með aldrinum og allt í einu finnst mér alveg rosalega skemmtilegt að kaupa mér góðan ullarjakka eða finar buxur. Smekkurinn verður líka dýrari með aldrinum og því verður þetta erfiðara og erfiðara með árunum. Launin hækka nefnilega ekki.

Heimildarmenn Monitor segja þig eiga til að vera hvatvís. Hefur það einhvern tímann komið þér í vandræði? Öruglega. Stundum verð ég alveg rosalega hvatvís og get ekki beðið eftir einhverju sem mér finnst að hefði þurft að gerast helst í gær. Jólin 2007 las ég til dæmis bókina Bibí Ólafsdóttir eftir

HRADASPURNINGAR

Uppáhaldsmatur? Vietnamskur matur.

Uppáhaldsnammi? Möndlur, saltlakkrís og nuggatsúkkulaði.

Uppáhaldshljómsveit? Fleetwood Mac og Spilverk Þjóðanna.

Uppáhaldskvikmynd? Hanna & Her Sisters, Breakfast at Tiffany's, Amadeus og Piano.

Uppáhaldsleikkona? Audrey Hepburn og Cate Blanchett.

Uppáhaldsleikari? Halldór Gylfason, Robert De Niro og James Franco.

Uppáhaldsstaður á Íslandi? Flatey, Ásbyrgi og Hornstrandir.

Uppáhaldsstaður í heiminum? Heima.



Vigdísí Gríms sem ég hafði fengið í jólagjöf og mér fannst hún svo æðisleg að ég hafði samband við Bibí sjálfa og við erum góðar vinkonur í dag, hún er alveg dásamleg.

Hvernig kom til að þú ólst upp hjá afa þínum og ömmu? Mamma var mjög ung þegar hún átti mig og bjó enn heima hjá foreldrum sínum svo ég var þar með henni fyrstu árin. Seinna fór hún að vinna sem flugfreyja og það var ákveðið að ég myndi halda áfram að búa hjá ömmu og afa. Mér fannst það þægilegt því þá gat ég verið áfram í sama skóla og svo var auðvitað alveg yndislegt að alast upp hjá ömmu og afa þó svo að það hafi komið tímabil á unglingsárunum þar sem ég var ekki alveg að meika það. Ég var ekki beinlínis að bjóða heim í partí en þau eru algjörir snillingar og ég myndi alls ekki vilja hafa hlutina öðruvísi í dag.

Bjóst þú lengi heima? Já, ég er svo mikill öryggisfíkill. Ég svaf lengi vel inni hjá ömmu og afa, fékk svo mitt eigið herbergi og bjó í kjallaranum hjá þeim þegar ég var í Leiklistarskólanum. Það var svo gott að vera hjá ömmu og afa. Svo þegar ég var búin að vinna og vinna og vinna hjálpaði afa mér að kaupa íbúð í Þingholtunum, ég kynntist eiginmanninum mínum Stefáni Má Magnússyni, við fluttum inn saman, gerðum íbúðina upp og lifðum hamingjusöm til æviloka.

Æfðir þú ípróttir sem krakki? Nei, ég var ekki mikið í ípróttum og var ekki góð í leikfimi að hoppa yfir hestinn og allt það. Ég fór frekar undir hann og var skíthrædd við allt svona. Þegar ég var fimm ára gömul var ég sett á dansnámskeið en það gekk ekki vel því ég var svo feimin og þorði aldrei að gera neitt. Svo frétti ég að Heiðar Ástvaldsson, danskennarinn minn, væri með gerviauga og varð alveg óstjórnlega smeyk við hann. Ég man eftir mér í þífupilsu, vælandi um að vilja bara fara heim á miðri dansæfingu. Ég hafði heyrt margar hryllingssögur úr Gerplu og vildi ekki fara í fimleika en ég æfði djassballett hjá Báru í mörg ár og hafði mjög gaman af.

Langaði þig einhvern tímann að verða atvinnu-dansari? Nei, ekki beinlínis. Ég fór einu sinni í ball-ett hjá Sigríði Ármann og hún lét okkur allar setjast á gólfíð í fyrsta tímanum. Eftir að hafa strekkt ristarnar okkar valdi hún eina eða tvær stelpur sem voru með nógu góðar ristar svo ég hugsaði með mér að það væri útséð með ballerínudrauminn fyrst ég væri ekki með nógu háar ristar. Dansinn hefur reynst mér rosalega vel í því sem ég er að gera í dag því þetta er alveg frábær grunnur. Ég get dansað og

maður býr að því að kunna skiptisporin og nokkra snúninga.

Hvernig týpa varst þú í menntaskóla? Ég var á fullu í félagslífi og öllu sem því tengdist. Einhverra hluta vegna var ég alveg harðákveðin að fara í Menntaskólann við Hamrahlíð, það er stundum eins og hlutirnir séu skrifaðir í stjórnumar fyrir okkur. Það var alltaf einhver stemning í kringum þennan skóla sem ég hreifst af þó ég þekkti engan í skólanum og engan sem ætlaði í hann. Ég komst ekki inn í fyrstu tilraun og fór þá á myndlistarbraut í FB en komst svo inn um áramótin í MH og dembið mér beint út í félagslífið. Ég byrjaði strax í einhverri nefnd innan nemendafélagsins og fór í Hamrahlíðarkórinn sem er besta og mesta snilld sem ég hef á ævinni vitað. Mér þykir rosalega vænt um þá reynslu og allt sem ég lærði í kórnum.

Kviknaði áhugi þinn á leiklist í MH? Algjörlega. Þá tók ég þátt í uppsetningu nemendafélagsins á Rocky Horror ásamt til dæmis Páli Óskari og Jóni Atla. Við vinkonurnar skrúðum okkur saman á leiklistarnám-skeið og þá fór allt af stað. Sýningin sló algjörlega í gegn og þarna vissi ég að mig langaði til að verða leikkona. Ég fann mig virkilega vel í þessu og grunaði að þetta væri eithvað sem ég gæti gert vel.

Hvað tók við hjá þér eftir útskrift? Ég hafði farið eitt sumar á menntaskólaárunum sem au pair til Frakklands og var boðið að koma þangað aftur seinna ef ég vildi. Ég útskrifaðist um júl og fór beint út til Frakklands í ævintýraferð þar sem ég vann og var í frönskuskóla alveg fram á haust. Þegar ég kom heim fór ég að vinna á leikskóla og hóf markvissan undirbúning fyrir inntökuprófin í Leiklistarskólanum. Eftir á að hyggja var ég rosalega ákveðin í að komast þarna inn því ég nýtti tímann sem ég hafði mjög vel í að stúdera leikstíla og alls konar mónólóga. Ég tók þetta mjög alvarlega og var frekar fagmannleg í þessum inntökuprófum þó ég segi sjálf frá.

Ég kynntist eiginmanninum mínum Stefáni Má Magnússyni, við fluttum inn saman, gerðum íbúðina upp og lifðum hamingjusöm til æviloka.

Kom ekkert annað til greina en leiklist?

Áður en leiklistin kom til hafði myndlistin átt hug minn því ég hafði alltaf haft mjög gaman af að teikna og mála. Þegar ég fór á myndlistarbrautina í FB var planið að halda áfram í því og fara í Listaháskólann í eithvað nám. Pabbi er arkitekt svo það nám heillaði mig alltaf en ég hefði líka alveg verið til í að verða listmálari eða einhvers konar hönnuður. Sá draumur blundar reyndar enn í mér, sérstaklega eftir að ég byrjaði að innrétta mitt eigið heimili. Hugur minn hefur alltaf stefnt í einhverjar listgreinar og til dæmis eftir að kreppan kom hugsaði ég með mér að það væri kannski gáfulega að velja sér einhverja aðra starfsgrein en leiklistina. Þá var allt sem mér datt í hug hvort eð er í jafn miklum skít og leiklistin svo ég held bara áfram að gera það sem ég geri vel.

ð gera
egt



viðtalið

Hvar værir þú í dag hefðir þú ákveðið að fara frekar í arkitektinn? Ég væri búin að teikna upp draumahúsið og innrétta það.

Þú hefur sungið mikið í gegnum tíðina. Kæmi til greina að leggja leiklistina á hilluna fyrir tónlistarferil? Nei, það er ekki inni í myndinni. Ég hlusta mikið á tónlist og mér finnst gaman að hafa hana með í bland en ég myndi ekki vilja vinna við að vera alltaf að syngja á tónleikum. Þó það blundi í mér að setja saman stórsveit og leigja Hótel Borg, fara í síðkjól og taka nokkur vel valin lög frá þriðja og fjórða áratugnum, hver veit? Við hjónin erum reyndar að gera plötu saman núna og mér finnst æðislegt þegar hann spilar á gítarinn heima og ég syng.

Hvernig plata er þetta sem þið hjónin eruð að gera? Þetta eru íslensk og erlend dægurlög í bland. Ég held ofsalega mikið upp á Erlu Þorsteins, Helenu Eyjólf, Ellý Vilhjálms og allar þessar yndislegu söngkonur sem hafa fylgt manni í gegnum tíðina.

Heimildir Monitor herma að þú sért mikið fyrir dulspeki. Ferð þú oft á miðilsfundi og lest í tarotspil?

Ég hef mjög mikinn áhuga á öllum svona spiritisma en hef ekki farið mikið á miðilsfundi. Ég fer meira til lækna miðla eða spámiðla. Þetta er eitthvað sem ég geri öðru hvoru og getur verið eins og að fara til sálfræðings eða slíkt til að spá og spekulera. Stundum þegar framtíðinni er kastað upp fær maður góða yfirsýn á allt saman. Ég les svolítið í tarotspil en er ekki farin að taka fólk heim ennþá. (Hlær)

Sagan segir einnig að þú sért mjög næm á fólk.

Hvernig lýsir það sér helst? Það er bara eitthvað innsæi sem ég er farin að hlusta betur og betur á með tímanum. Ég hef alltaf verið svolítið næm en ég kann ekki alveg að útskýra það. Stundum get ég líka verið alveg utan við mig og ekki lesið aðstæðurnar vel. Ég er ekki skyggn eða neitt slíkt þó ég sé stundum berdreymin.

Þú ert þá ekki norn eða neitt svoleiðis? Ég er reyndar meðlimur í nornaklúbbi. Þá komum við saman vinkonurnar, leggjum niður spil, spáum í bolla og spekulurum í hinum ýmsu hlutum. Ég upplif engu yfirnáttúrulega hluti en ber rosalega mikla virðingu fyrir fólki sem upplifir slíkt.

Er Fjalla-Eyvindur fyrsta samstarfsverkefni þitt og Mörtu Nordal? Nei, við lékum saman í Borgar-leikhúsinu og settum svo saman upp sýningu með Stúdentaleikhúsinu og það samstarf gekk alveg rosalega vel.

Hvernig kom það til að þið ákváðuð að setja upp leiksýningu á eigin fótum? Ég var atvinnulaus og hún í fæðingarorlofi svo tímasetningin réði öllu. Ég var búin að ráða mig í tvö verkefni fyrir norðan síðasta haust og varð ólétt um sumarið. Svo kom að því að við áttum að byrja að æfa og ég læt leikhússtjóran vita að ég sé ólétt. Nokkrum dögum síðar fékk ég símtal frá leikhússtjóranum þar sem hún segir mér að það sé búið að fresta öllu um eitt ár. Ég var auðvitað hæstánægð og var þá einmitt að pakka fyrir ferðalag til Aðalvíkur fyrir vestan sem var gamall draumur. Sama dag missti ég fóstrið og lífið tók skyndilega U-beygi. Á einum degi breyttist allt og ég þurfti einhvern veginn að gefast upp fyrir almættinu. Það er samt einhver vellíðunartilfinning sem fylgir því að gefa sig á vald hins æðra og trúá því að eitthvað gott muni verða í framhaldinu. Á svona erfðum tímum slær maður í klárinn og hugsar með sér: „Núna ætla ég að gera eitthvað ódauðlegt.“ Þó útlitið sé slæmt felast ákveðin tækifæri í svona stöðu.

Sýningin hefur fengið frábærar viðtökur og þá sérstaklega túlkun þín á Höllu. Ég er svo stolt af þessari sýningu. Við gerðum þetta fyrir nánast enga peninga og gerðum þetta á okkar eigin forsendum. Það er búið að vera æðislegt að fá viðurkenningu frá kollegunum og auðvitað áhorfendum sem mættu á sýninguna. Ég hef aldrei lent í öðru eins. Fólk var að koma til mín eftir sýninguna, faðma mig og þakka mér innilega fyrir. Ein konan sagði: „Leikhús hefur ekki snert mig svona í langan tíma, ég hélt það væri dautt.“ Þetta er ótrúlegur heiður og ég trúí varla hversu vel þetta hefur gengið.

Er þetta dramatískasta hlutverkið þitt hingað til? Alveg tvímælalaust. Mig hefur alltaf langað til að leika meira drama og glíma við eitthvað svoleiðis. Ég viðurkenni reyndar að þegar við byrjuðum að lesa Fjalla-Eyvind komu tímabil þar sem mér fannst hlutverkið vera of langt frá mér og fannst ég ekki eiga innistæðu fyrir þessu. Þú ert með einhverjar

hugmyndir um karakterinn í hausnum og allt í einu passa þær ekki við þig. Síðan þegar ég fann að ég hafði þessa innistæðu kom það mér á óvart og var alveg frábært.

Hvað er framundan hjá þér? Við Marta sóttum um styrk og erum að fara að gera verk um morð sem áttu sér stað á Rauðarársandi fyrir mörgum öldum. Vinnuheitið er Fólk í myrkri: Morðsaga. Við ætlum að gera grind að sýningunni og leikgerð sem verður svipuð og í Fjalla-Eyvindi. Sagan segir frá Steinunni, Bjarna, Jóni og Guðrúnu. Okkur langar að fjalla um ástina, hatrið og hvernig þetta fólk fór að því að búa saman í pínulitlu plássi. Einangrunin og ótrúleg náttúra, losti, rifildin og auðvitað morðin. Þetta er mögnuð saga. Ég fann leiðið hennar Steinunnar í Hólavallakirkjugarði og hleyp stundum við hjá henni. Í eitt skiptið fór ég með tvær skeljar frá Rauðasandi. Hún mun leiða okkur í gegnum þetta.

Hver er þinn villtasti leikhúsdraumur? (Syngur) Allt annað en að koma nakin fram. Nei, ætli það sé ekki að leika Hamlet, eða leika Marie Antoinette í Versölum, það væri rosalegt.

Hvað finnst þér skemmtilegast að gera þegar þú ert í fríi? Mér finnst ótrúlega gaman að ferðast um landið og hef sérstaklega gaman af að heimsækja Vestfirði. Svo finnst mér Austfirðirnir og bara allt landið alveg æðislegt. Það eru svo margir seiðmagnaðir staðir á landinu og Flatey er alveg mitt uppáhald. Þangað fer ég á hverju sumri. Í Flatey líður tíminn hægar og maður blikkar hægar. Það líður úr manni streitan og maður skilur tilgang lífsins. Svo finnst mér alveg rosalega gaman að elda góðan mat, fá mér kalt hvítvín og vera með vinum mínum. Mér finnst mjög gaman að halda matarboð því það gerist alltaf eitthvað skemmtilegt í matarboðum heima hjá okkur. Einu sinni kom meira að segja lúðrasveit.

Ert þú mikið á Facebook? Ég er á báðum áttum með Facebook. Í aðra höndina finnst mér þetta skemmtilegt en svo er þetta eitthvað svo skrítið. Ég stend mig að því að setja einhverja statusa þarna sem eru samt svo asnalegir. Svo fer ég á eftir og set inn statusinn: „Var í viðtali fyrir forsíðu Monitor. Ætla núna að elda kjúkling.“ Maður getur verið svo mikill fáviti.



“Svo fer ég á eftir og set inn statusinn: „Var í viðtali fyrir forsíðu Monitor. Ætla núna að elda kjúkling.“ Maður getur verið svo mikill fáviti.”




ÆTLAR ÞÚ Í HÁSKÓLA Í HAUST?



SPENNANDI NÁM
OG ÖFLUGT FÉLAGSLÍF

Ef einhver á eftir að sjá **Between Two Ferns** þætti Zach Galifianakis á sa hinn sami að fetta þeim upp á netinu og horfa á undir eins.



Mike Tyson

Hæð: 182 sentimetrar.
Besta hlutverk: Hann sjálfur í Hangover ... og reyndar lífinu öllu.
Staðreynd: Sagan segir að hann hafi verið meira en 90 kíló að þyngd þegar hann var 13 ára.
Eitruð tilvitnun: „Aðdáendur mínir elska mig ekki. Þeir elska það sem ég geri. Ég er skemmtikraftur.“

1966 Fæðist 30. júní í Brooklyn í New York.

1985 Keppir í sínum fyrsta hnefaleikabardaga 18 ára gamall. Vinnur 26 af fyrstu 28 bardögum með rothöggi eða tæknilegu rothöggi.

1988 Kvænist leikkonunni Robin Givens, en skilur við hana ári síðar.

1990 Tapar sínum fyrsta bardaga gegn Buster Douglas í Tókíó.

1991 Handtekinn fyrir nauðgun á 18 ára stúlku á hótélherbergi í Indianapolis. Í febrúar ári síðar er hann dæmdur í 10 ára fangelsi, þar af fjögur skilorðsbundinn.

1995 Sleppur úr fangelsi í mars 1995 eftir að hafa setið inni í þrjú ár.

1997 Berst við Evander Holyfield eftir að hafa tapað óvænt fyrir honum ári áður. Að þessu sinni þarf að stöðva bardagann eftir að Tyson bitur Holyfield í eyrað. Í kjölfarið fær hann háa sekt og árs bann.

1997 Kvænist öðru sinni, að þessu sinni konu að nafni Monica Turner. Þeirra hjónaband varir til ársins 2003. Þau eiga börnin Rayna og Amir.

2008 Heimildarmynd um líf Tyson er frumsýnd á kvikmyndahátíðinni í Cannes. Myndin fær mjög góða dóma.

2009 Fjögurra ára dóttir Tyson, Exodus, deyr í furðulegu slysi eftir að hafa flækst í snúru á hlaupabretti. Tíu dögum síðar kvænist Tyson í þriðja sinn, að þessu sinni 32 ára konu að nafni Lakiha Spicer. Þau eiga saman börnin Milan og Morocco. Tyson á átta börn svo vitað sé ef hin látna Exodus er talin með.



Frumsýningar helgarinnar

The Hangover Part II | Dylan Dog: Dead of night

Leikstjóri: Todd Phillips.
Aðalhlutverk: Bradley Cooper, Ed Helms, Zach Galifianakis og Justin Bartha.
Lengd: 102 mínútur.
Aldurstakmark: 12 ára.
Kvikmyndahús: Sambíóin.



Framhald af myndinni Hangover sem kom út árið 2009. Nú fara félagarnir til Tælands vegna brúðkaups Stu. Hann vill ekki taka neina áhættu eftir Vegasferðina og býður í dagbit fyrir brúðkaupið. En hlutirnir fara ekki alltaf eins og ætlast er til. Það sem gerist í Vegas verður kannski eftir í Vegas en það sem gerist í Bangkok er ekki hægt að ímynda sér.

Leikstjóri: Kevin Munroe.
Aðalhlutverk: Brandon Routh, Anita Briem, Sam Huntington og Peter Stormare.
Lengd: 107 mínútur.
Aldurstakmark: 14 ára.
Kvikmyndahús: Háskólabíó, Laugarásbíó og Borgarbíó.



Í New Orleans tekur Dylan Dog (Routh) að sér að rannsaka yfirnátúrulega atburði þar sem hann þarf að kljást við vampíur, varúlfa, uppvakninga og aðra fjanda frá helvíti. Með aðstoð uppvakningsins Marcusar Adams (Huntington) rannsakar hann grunsamlegt mál Elizabeth Ryans, sem leikin er af Anitu Briem.

Popp-korn

Þótt will.i.am sé sjálfur aðalmaðurinn í einni vinsælustu hljómsveit heims, Black Eyed Peas, þá segist hann ekki hafa getað setið á sér þegar hann hittir Johnny Depp fyrir skemmstu, svo stjörnusleginn var hann af návist stóreikarans. Depp og will.i.am voru báðir að kynna verðlaun á Nickelodeon Kids' háttíðinni og að því loknu hljóp will.i.am á eftir stóreikaranum til að láta taka af sér mynd með honum – sem hann segir að sé einn af sínum uppáhaldsleikurum í bransanum.



Brad Pitt segir að lífið hafi breyst til muna eftir að hann varð faðir. Hann segist afar upptekinn af öryggi barna sinna og er áhyggjufullur um að eitthvað komi fyrir þau.



„Í raun er það minn eini ótti. Áður var ég uppteknari af sjálfum mér en nú vil ég bara vera viss um að allir séu í góðum málum.“ Hann bætir við að einnig hafi leikaraferill hans breyst en hann leggur enn meira en áður upp úr því að landa góðum hlutverkum og gera góðar myndir svo börnin geti verið stolt af honum.

Söngvari Foo Fighters, Dave



Grohl, fer með lítið hlutverk í myndinni The Muppets sem kemur út seinna á þessu ári. Grohl segist hafa notið þess að leika í myndinni en segir hins vegar alltof mikla áhættu fólgni í því að eyða tíma sínum í bíó – enda valdi myndirnar honum oft en ekki vonbrigðum. „Ef ég hef bara tvo frítíma á dag, þá get ég hugsað um 100 betri hluti til að gera en að sitja og horfa á mynd.“ segir rokkarinn.

Justin Bieber splæsti á dögum í splunkunýtt tattu sem hann frumsýndi þegar hann spókaði sig á sundskýlu á Hawaii. Um er að ræða annað húðflúr ungstirmisins sem fékk sér sjött fyrsta í tilefni af sextán ára afmæli sínu. Kappinn, sem nú er sautján ára, fékk sér þá mynd af litlum fugli á mjóðm-ina en nýja tattúó hans er orðið „yeshua“ í flóttu letri sem er hebreska útlagningin á nafni frelsarans, Jesú Krists. Tattúó er staðsett við vinstri handarkrika drengsins og bíða slúðurmiðlar ólmir eftir viðbrögðum aðáenda. Talið er að tilefni tattúsins sé sigurför Biebers á Billboard-hátíðinni um daginn þar sem hann vann til sex verðlauna.



0 kr.
 að hringja innan kerfis Simans með 1990 kr. áskrift.*

Vertu með RingTóna í símanum!

<http://ringtonar.ring.is>

VERTU MEÐ

www.ring.is / m.ring.is www.facebook.com/ringjarar

* 1.500 min/SMS innan GSM-kerfis Simans og 990 kr. inngangur til að hringja í önnur kerfi

KVIKMYND

Pirates of the Caribbean: On Stranger Tides

AAAAA

Leikstjóri: Rob Marshall.

Aðalhlutverk: Johnny Depp, Penélope Cruz og Geoffrey Rush.



JACK SPARROW OG FÉLAGAR
LEITA AÐ ÆSKULINDINNI

Þunnur þrettáandi

Fyrstu tvær myndirnar voru mjög skemmtilegar. Ég á eftir að sjá þá þriðju en mér skilst á flestum að hún hafi ekki verið upp á marga fiska. Þrátt fyrir það er ekki hægt að neita því að myndirnar komu með ferskan andvara inn í ævintýramyndafloöruna á sínum tíma. Maður ber þessa því ósjálfrátt saman við þær fyrri og því miður kemur hún ekki alveg nógu vel út úr þeim samanburði.

On Stranger Tides á nokkra góða spretti en á heildina litið var ég bara ekki alveg nógu hrifinn. Umgjörðin var góð og leikarar stóðu sig vel. Tæknibrellur og öll tæknivinnsla var til fyrirmyndar en þegar öllu er á botninn hvolfst þá er það yfirleitt sagan og

innihaldið sem skiptir mestu máli í svona myndum og þar var frekar lítið að fréttu. Ég er ekki að gera kröfu um einhverja epík heldur bara að ferðalagið sé skemmtilegt og áfangastaðurinn góður.

Hlæ hlæ í poka

Sagan var frekar ómerkileg og handritið heldur þunn. Alltof mikið af einhverjum hlæ hlæ í poka atriðum og hlutum sem voru leystir of auðveldlega. Einhver sem datt á stól og stóllinn fór í loftið og datt á verðina og þá rann einhver á rjóma og út um gluggann o.s.frv. Mér leiddist samt ekkert rosalega og það er vissulega hægt að hafa gaman af myndinni á köflum en það pirrar

mig samt alltaf þegar það er verið að eyða svona miklum peningum í að búa til stóran sumarsmell og því er einhverveginn klúðrað með veiku handriti.

Ég er yfirleitt mjög umburðarlyndur þegar kemur að ævintýramyndum og hef alla jafna mjög gaman af þeim en ef innihaldið er ekki til staðar þá er eiginlega fátt sem getur bjargað þeim.

Kristján Sturla Bjarnason



TÖLVULEIKUR



THOR

AAAAA

Format: PS3, Xbox 360

Tegund: Hasarleikur

PEGI merking: 12+

Útgefandi: SEGA

Dómar: Gamespot: 2 / IGN: 3 / Eurogamer: 3

ÞETTA ER EKKI ÞÓR SAARI
ÞÓTT HANN SÉ Á HREYFINGU

Diet Thor

Eftir að ég sá hina stórkostlegu hasarmynd um Thor-kvikindið klæjaði mig í fingurna að prófa Thor-tölvuleikinn. Kláðinn í fingrunum breyttist snögglega í kláða sem við þekkjum á óæðri stöðum og leiðir til óþæginda.

Leikir eins og Thor: God of Thunder eru ástæða þess að tölvuleikir sem gerðir eru eftir kvikmyndum hafa álika gott orðspor og Lindsey Lohan. Söguþráður leiksins gerist á undan atburðum myndarinnar, en Thor þarf að vaða um hina ýmsu heima goðafræðinnar til að bjarga deginum, vinum sínum, Loka og Ásgarði. Dýpt söguþráðarinnar er á við vaðlaug og fær maður litla samúð með persónum og leikendum.

Óþarflega flókinn

Thor: God of Thunder er þriðju persónu hasarleikur þar sem maður lemur allt í tætlur. Töluvert hefur verið fengið að láni frá leikjum á borð við God of War, en flest í spilun leiksins virðist frekar óklárað og illa slípað til. Auk þess að geta lamið frá sér í allar áttir getur Thor notað Mjölni til að berja á óvinum sínum. Leikurinn er óþarflega flókinn og eftir 10 mínútur er maður kominn með alls kyns leiðbeiningar, trikk og kombó sem gætu fyllt bók á þykkt við símaskrána. Á leið sinni í gegnum leikinn geta leikmenn svo djúsað Thor og hæfileika hans upp, en það skilar sér í öflugri brögðum og vopnum.

Algjörlega kaloríusnauður

Grafík leiksins er langt frá því besta sem maður hefur séð og er í takt við annað í leiknum, óslípuð. Sama má segja um hljóð leiksins sem er í besta falli í meðallagi, en framleiðendur leiksins fengu Chris Hemsworth sem lék Thor í myndinni til að talsetja.

Thor: God of Thunder er langt frá því að vera verst leikur sem ég hef spilað, en það er langt síðan ég hef tekið í leik af þessum gæðum. Eflaust hafa harðir Thor-aðdáendur gaman af að geta stýrt goðinu í gegnum þennan leik, en aðrir ættu að láta þennan Diet Thor vera, enda er hann algjörlega snauður kaloríum og reyndar flestu öðru.

Ólafur Þór Jóelsson



HEILBRIGÐI ER LÍFSTÍLL

Hreyfing - Næring - Jákvæðni



SKINNSEMI FULLORÐINSSIRKÚS
Bakkus
Laugardagur kl. 22:30



Sirkússýning fyrir fullorðna

„Ein af þælingunum á bak við þetta er bara að bjóða upp á frumlega skemmtun fyrir fullorðin fólk,“ segir Margrét Erla Maack, einn af forsvarmönnum Skinnsemi sem er fullorðinssirkús sem fram er á laugardaginn næstkomandi á Bakkus. „Amma mín og afi minnast svona sýninga á sínum tíma á Lídó, svo þetta er ekkert alveg nýtt á nálinni eins og sumir halda,“ bætir hún við.

Sýningunni er lýst sem kabarett-sýningu með burlesque-bragði og er sirkús með skemmtiatriðum fyrir fullorðna, ekki við barnahæfi. Fram kemur sirkúsfólk með sviðsnöfn á borð við Hafðísi Hold, XXXmeralda og Liðdísí Finnbogadóttur. Þetta er í annað skipti sem þessi hópur efnir til svona viðburðar en síðast var troðfullt út að dyrum. „Ég veit um nokkra sem fóru á síðustu sýninguna sem fyrsta deit og það heppnaðist vel. Þetta er til dæmis tilvalið í slíkt,“ segir Margrét létt á því. Miðaverð á Skinnsemi er 1.500 kr. og selt er við hurð.

fílófaxið

fimmtugur **26** maí **föstudagur** **27** maí

ORKA
Norræna húsið
20:00 Færeyska hljómsveitin ORKA er í tónleikaferð um Evrópu til að fylgja eftir breiðskífu sinni, ÓRÓ. Þeir koma við á túrnun og spila í Norræna húsinu á fimmtudaginn. Hljómsveitin hefur m.a. unnið með Teiti og Eivör Pálsdóttur. Fritt er inn á tónleikana en gestir yngri en 18 ára skulu vera í fylgd með fullorðnum.

EYJÓLFUR KRISTJÁNSSON
Kaffihúsið Álafossi
20:30 Eyjólfur Kristjánsson varð fimmtugur á árinu og fagnar því með 50 tónleika tónleikaröð. Samhliða tónleikunum gaf hann út safnplötuna „Eyfi 50... ykkur syng ég mína söngva“.

DEAD SEA APPLE
Sódóma
21:00 Hljómsveitin Dead Sea Apple sem gerði góða hluti á lokaárátug síðustu aldar heildur tónleika á Sódóma. Þær hættu almennum rekstri árið 2001 en hafa tekið eina um það bil eina tónleika á ári síðan þá. Hljómsveitin ætlar að taka sín gömlu lög á samt nokkrum nýjum.

GOGOYOKO WIRELESS – HJÁLMAR UNPLUGGED
Hvítá perlan
22:00 Hjálmar verða með órafmagnað sett á Hvítu perlunni en um er að ræða fyrstu tónleikana í tónleikaröðinni gogoyoko Wireless. Gogoyokomenn ætla að fá sínar uppáhaldshljómsveitir til að setja sín bestu lög í órafmagnaðan búning. Einungis eru 100 miðar lausir en þeir fást í 12 tónum á 2.500 kr. stykkið.

BAGGALÚTUR
Café Rosenberg
22:00 Það er gjörsamlega óþarfi að kynna húmoristana í Baggalúti en þeir hafa fengið góðan skerf á athygli undanfarin ár.

XXX ROTTWEILER
Sódóma
23:00 Rapphundarnir í troða upp á Sódóma um helgina. Aðdáendum Rottweiler stendur til boða að móta lagaprógramm kvöldsins en á Facebook er hægt að kjósa milli allra laga þeirra og verða þau efstu tekin með pomp og prakt. Tekið er fram að þeir sem mæta í hlýraból verði vel séðir og njóti fríðinda. Miðaverð við hurð er 1.300 kr.

laugardagur **28** maí

SKÁLMOELD
Sódóma
22:00 Metalrokk mun ráða lögum og lofum á Sódóma á laugardagskvöldið þegar Skálmöld stígur á stókk ásamt Atrum og Darknote. Allar þessar hljómsveitir hafa verið orðaðar við Wacken-hátíðina sem er ein stærsta metalhátíðin.

KK OG MAGGI EIRÍKS
Café Rosenberg
22:00 Blúsararnir og ósviknu töfvararnir KK og Maggi Eiríks leiða gítara sína saman enn á ný á laugardagskvöldið þegar þeir koma fram á tónleikum á Café Rosenberg.

Justin Bieber notar Proactiv® Solution Burt með bólurnar!

Í Proactiv® Solution eru efni sem hreinsa húð þína og eyða bólum. Með daglegri notkun koma efnin í veg fyrir að nýjar bólur myndist. Við lofum því!

Eftirtalin sjálfstæð Apótek selja einnig Proactiv Solution:


REYKJAVÍKURAPÓTEK, Seljavegi 2 // LYFJABORG APÓTEK, Borgartúni 28 // GARDSAPÓTEK, Sogavegi 108
URÐARAPÓTEK, Grafarholti // RIMA APÓTEK, Grafarvogi
APÓTEK HAFNARFJARÐAR, Tjarnarvöllum 11
ÁRBÆJARAPÓTEK, Hraunbæ 115 // LYFJAVER Suðurlandsbr. 22

Heilsubúdin.is
- bætt útlit, betri líðan

LOKAPRÓFIÐ

| 26. maí 2011 | **MONITOR** skólinn

Ég heiti Ásgeir Óri Ásgeirsson Eiginhandaríritun mín lítur svona út:



Þú veist hver ég er af því að þú hefur heyrt lög eftir mig

Það skemmtilegasta við að byrja með morgunþátt á FM957 er að

a) mig hefur alltaf langað til að starfa í útvarpi.
b) dú get ég séð til þess að lögin mín fái ennþá meiri spilun.
c) steypa Svala af stóli.
d) Það ma ekki gleyma frögunum

Nú þarf ég að vakna klukkan 6 á morgnana sem mér finnst þá þínlegt notalegt

StopWaitGo er lagasmiðan og upptökufermi sem samun stendur af mör Palma og Sarj

Ég gerði lagið Viva Verzió sem fékk mikið áhorf á YouTube. Þegar ég horfi til baka finnst mér þetta lag þona sífellt meira á övart

Ef ég þyrfti að fara í sleik við einn af eftirtöldum myndi ég velja

a) Haffa Haff
b) Blaz Roca
c) Friðrik Dór
d) Jón Jónsson
Af því að þeir eru ekki með skegg sem stígu

Í kvikmynd um ævi mína myndi ég vilja fá Eric Christian Olsen til að leika mig en líklega yrði það samt Owen Wilson

Ég fór síðast að gráta á klustendaverðstæðnum vegna þess að þú hefur ekki lag ársins

Uppáhaldsdrykkurinn minn er randur kristallt og uppáhaldsmaturinn minn er gætur á bragðet

Ef ég mætti hitta einn af eftirtöldum mönnum myndi ég velja

a) Nelson Mandela.
b) Barack Obama.
c) Bill Gates.
d) Mark Zuckerberg.
e) Magga Mix.
Og spyrra hann hvert hann eyðir meiri tíma en Órri Eivíks á facebook

Platan sem ég hlusta mest á núna er Nostalgia Ultra - Frank Ocean

Sumarlagið í ár er Reykjavíkur nappur (mútt)

SATT OG ÓSATT

Ég hef farið í ljós á þessu ári.
S 0

Ég hef komist í kast við lögin.
S 0

Mig langar að keppa í Eurovision.
S 0

Ég tek meira en 80 kíló í bekk.
S 0




Flottasti Ásgeirinn fyrir utan mig er tvímælaust

a) Ásgeir Sigurvinsson.
b) Ásgeir Kolbeinsson.
c) Ásgeir Erlendsson.
d) Ásgeir Örn Hallgrímsson.
e) Því hann er með svo fallega rödd

Síðasta sms sem ég fékk var frá hova is

og í því stóð Tu farft að fá myndina úr Eysteini og SKILT HENNI

Ef ég mætti gera Facebook-status sem allur heimurinn sæi myndi ég skrifa Allar hendur upp í loft! kv. Páll

Síðast en ekki síst

» Anna Jia, fyrirsæta, fílar:

Kvikmynd Það koma margar upp í hugann en La vita è bella er til dæmis gamalt uppáhald. Falleg mynd sem fjallar um fjölskyldu á Ítalíu sem lendir í útrýmingarbrúðum nasista og hvernig faðirinn nær að halda syni sínum á lífi með því að búa til leik úr öllu saman.

Þáttur America's Next Top Model og Holly's World – nei, djók! Annars datt ég inn á gamla spólu með Heilsubælinu um daginn, skrytnustu og jafnframt fyndustu þættir sem ég hef séð.

Bók Þrátt fyrir allar námsbækurnar hefur mér sem betur fer tekist að lesa nokkrar til gamans. Þar á meðal Flugdrekaflauparann sem fjallar um vináttu tveggja stráka í Afganistan, líf þeirra og afdrif. Mjög góð bók, mæli með henni.

Plata For Emma, Forever Ago með Bon Iver. Ein sú fallegasta plata sem ég hef hlustað á og Bon Iver alveg í uppáhaldi. Get ekki beðið eftir nýja diskunum sem kemur núna í janúar!

Vefsíða Ætli ég verði ekki að segja Facebook, eins týpískt og það hljómar. Því þar getur maður haldið sambandi við vini og ættingja útum allan heim, skipulagt viðburði og svo margt annað, allt á einum stað.

Staður Vesturbærinn og miðbærinn hafa allt það sem ég fíla best! Hvort sem það er að sitja á Austurvelli á góðvísrisdegi, kíkja í Koló og fá kókosbóllu, góð kaffihús, skólinn, Ægisíðan, sund, Vesturbæjarís og svo endalaust fleira.








radiance

BRITNEY SPEARS™

THE FRAGRANCE



CHOOSE YOUR OWN DESTINY



Vertu með Netið í símanum!

300 MB fyrir aðeins **490 kr.** á mánuði

www.ring.is / m.ring.is



www.facebook.com/ringjarar



VERTU MEÐ

* 1.500 min/SMS innan GSM-kerfis Símans og 990 kr. inngangur til að hringja í önnur kerfi